

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 144 – 29. 03. 2011

Þriðjudaginn 29. mars árið 2011, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Hitaveituframkvæmdir í Sæmundarhlíð, útboð á vinnulið.
2. Útreikningar á hitaveitu á Reykjarströnd.
3. Önnur mál.

## Afgreiðslur:

1. Bragi Þór Verkfræðiskrifstofunni Stoð ehf. kom á fundinn og fór yfir hönnun og verkáætlun á hitaveitu í Sæmundarhlíð. Rarik verður í samfloti í útboðinu. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að bjóða út vinnulið í lokuðu útboði. Eftirtalin fyrirtæki voru valin: Steypustöð Skagafjarðar ehf, Vinnuvélar Símonar Skarphéðinssonar ehf. Norðurtak ehf, Króksverk ehf, og Fjörður ehf.
2. Bragi Þór kynnti útreikninga á hitaveitu á Reykjaströnd. Fyrstur hagkvæmniútreikningar sýni að það sé ekki hagkvæmur kostur að leggja hitaveitu í Skörð og á Reykjaströnd. Páli falið að kynna málið fyrir fulltrúum íbúanna.
3. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.15  
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Jón Magnússon (sign)  
Úlfar Sveinsson(sign)  
Páll Pálsson veitustjóri (sign)